

## Haga hf. ársuppgjör 28. febrúar 2011

### Ársreikningur Haga hf.

Ársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins 19. apríl 2011.

### Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

	1.3.2010- 28.2 2011	1.3.2009- 28.2 2010
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Vörusala	66.700	68.278
Kostnaðarverð seldra vara	( 50.160)	( 51.376)
<b>Framlegð</b>	16.540	16.902
Aðrar rekstrartekjur	94	109
Rekstrargjöld	( 12.250)	( 12.977)
<b>Rekstrarhagnaður án sektar, niðurfærslu og afskrifta</b>	4.384	4.034
Stjórnvaldssekt	( 273)	0
Afskriftir rekstrarfjármuna og niðurfærsla óefnislegra eigna	( 955)	( 732)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	3.156	3.302
Fjármagnsliðir	( 1.704)	( 2.883)
Áhrif hlutdeildarféлага	5	( 445)
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	1.457	( 26)
Tekjuskattur	( 333)	70
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	1.124	44
Önnur heildarafkoma	( 31)	0
<b>Heildarafkoma ársins</b>	1.093	44
<b>Hagnaður á hlut</b>	0,96	0,04
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>28.2.2011</b>	<b>28.2.2010</b>
<b>Eignir:</b>		
Fastafjármunir	12.810	15.736
Veltufjármunir	9.020	8.828
<b>Eignir samtals</b>	21.830	24.564
<b>Eigið fé og skuldir:</b>		
Hlutafé	1.172	1.172
Annað eigið fé	2.440	1.347
<b>Eigið fé samtals</b>	3.612	2.519
Langtímaskuldir	830	13.625
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	11.497	1.141
Aðrar skammtímaskuldir	5.891	7.279
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	21.830	24.564
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>1.3.2010- 28.2 2011</b>	<b>1.3.2009- 28.2 2010</b>
Handbært fé frá rekstri	1.475	3.227
Fjárfestingarhreyfingar	1.799	( 1.450)
Fjármögnunargreyfingar	( 2.661)	( 1.622)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	613	155

<b>Breytingar á eigin fé</b>					
<b>1.3.2010 - 28.2 2011</b>					
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðst. eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2010	1.172	1.272	31	44	2.519
Hagnaður tímabilsins			( 31)	1.124	1.093
Eigið fé 28. febrúar 2011	1.172	1.272	0	1.168	3.612

### Lykiltölur – samstæða

- Hagnaður rekstrarársins nam 1.093 millj. kr.
- Rekstrartekjur rekstrarársins námu 66.700 millj. kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 4.384 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 21.830 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 3.612 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 16,5% í lok tímabilsins.

Lánasamningur félagsins, sem gerður var í október 2009, kveður á um gjalddaga í október 2011, með tveimur framlengingarheimildum til allt að 24 mánaða í senn. Samið hefur verið um framlengingu til október 2012, með frekari framlengingarheimildum eins og kveður á í samningnum. Í samræmi við IFRS þá eru 11.481 millj. kr. færðar sem skammtímaskuld í uppgjörinu fyrir síðasta ár, þar sem samið var um framlengingu eftir lok uppgjörsdags. Sú upphæð flokkast í dag meðal langtímaskulda þar sem samið hefur verið um framlengingu.

### Ný stjórn félagsins

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi félagsins, en í henni eru: Árni Hauksson, formaður, Erna Gísladóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Hallbjörn Karlsson og Kristín Friðgeirsdóttir. Árni, Hallbjörn og Kristín eru kosin ný í stjórn Haga í stað Péturs J Eiríkssonar, Steins Loga Björnssonar og Svönu Helen Björnsdóttur, sem voru í fráfarandi stjórn félagsins.

### Fyrirtæki Haga á tímabilinu eru eftirfarandi:

Bónus	Debenhams
Hagkaup	Ferskar kjötvörur
10-11	Noron (Zara)
Aðföng	Sólhöfn
Hýsing	Bananar
Útilíf	

10-11 er inni í rekstrarreikningi samstæðunnar fyrstu 6 mánuði rekstrarársins en er farið út úr efnahagsreikningi samstæðunnar, sbr. skiptingu félagsins 31. ágúst 2010.

### Endurskoðun

Ársreikningurinn hefur verið áritaður af endurskoðendum félagsins.